



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um gjöld í bílastæðahúsum

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 4. október 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort ekki eigi að endurgreiða þeim einstaklingum á P merktum bílum sem þurft hafa að greiða gjald í bílastæðahúsum eftir að ákveðið var að fella niður gjaldið? Af hverju eru þessi kerfi ekki rafræn og bundin við bílnúmer? Hvar eru stafrænar lausnir í þessu sambandi hjá borginni/þjónustu- og nýsköpunarsviði? Hætt hefur verið gjalddöku hjá handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða í bílahúsum borgarinnar. Fulltrúi Flokks fólksins veit þó dæmi þess að hreyfihömluðum hafi verið gert að greiða gjald í bílastæðahúsum eftir umrædda ákvörðun. Þessi ákvörðun hefur greinilega ekki náð í gegn. Nýlegt dæmi um þetta var í Ráðhúsi Reykjavíkur en þar komst viðkomandi ekki út fyrr en hann hafði greitt í greiðsluvél. Um var að ræða handhafa stæðiskorts. Það er því augljóst að það eru einhver vandræði með innleiðinguna og ekki hefur tekist að samþætta kerfið. Slík vandræði eiga ekki að bitna á þjónustuþegum.

Var fyrirspurninni vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 25. október 2023.

Svar:

Þeir handhafar P korta sem hafa borgað fyrir notkun bílahúsa eftir að gjalddöku var hætt geta sótt um endurupptöku hjá Bílastæðasjóði. Þurfa þeir að sýna fram á að hafa greitt í stæðin og að þeir hafi verið handhafar P korts á þeim tíma sem gjalddökan átti sér stað.

Erfitt er að nýta stafrænar lausnir í þessum aðstæðum þar sem að P kortin eru bundin við handhafa kortsins en ekki ákveðnum bifreiðum. Einnig eru kortin ekki rafræn og því ekki möguleiki að lesa þau með rafrænum hætti.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri